



ÁRSSKYRSLA 2021

HEF veitur ehf. - Ársskýrsla 2021

Gögn lögð fram á aðalfundi 17. mars 2022

- ◆ Ávarp stjórnarformanns
- ◆ Skýrsla framkvæmdastjóra - drög
- ◆ Ársreikningur 2021

Endanleg útgáfa ársskýrslu 2021 verður á vefsíðu á Netinu

Ávarp stjórnarformanns HEF veitna ehf. á aðalfundi 17. mars 2022

Árið 2021 voru haldnir 13 stjórnarfundir, auk hluthafafundar. Á aðalfundi í mars var stjórn kjörin. Fulltrúar stjórnar funduðu með Byggðaráði Múlaþings í byrjun október um ýmis mikilvæg verkefni í nánustu framtíð félagsins.

Reksturinn hefur gengið vel mörg undangengin ár og var 2021 engin undantekning. Félagið stendur styrkum fótum og er vel sett til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem framundan eru í Múlaþingi. Rekstrarhagnaður var 251 milljón króna eftir skatta og bókfært eigið fé félagsins nam 1.469 milljónum króna í árslok. Veltan hefur aukist sem teljast verður eðlilegt vegna aukins umfangs starfseminnar eftir kaupin á veitunum við sameiningu í Múlaþing. Handbært fé frá rekstri er á pari við árið 2020, um 230 milljónir króna.

Áætlun árána 2022-2025 gerir ráð fyrir fjárfestingum upp á rúma þrjá milljarða króna, sem skýrist m.a. af uppsafnaðri endurnýjunarþörf vatnsveitu og hreinsun fráveituvatns. Til að mæta kostnaði við verkefni er gert ráð fyrir lántöku upp á um 700 milljónir króna á ári næstu 4 árin. Áætlanir okkar gera þó áfram ráð fyrir því að fjármál fyrirtækisins verði í ágætu jafnvægi árið 2025. Mikilvægt er áfram að framtíðarsýn og fjárfestingaráætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfanna og að þau uppfylli gæðakröfur.

Hlutverk félagsins er að styðja uppbyggingu og framgang samfélagsins. Bæði fjölskyldna og fyrirtækja. Liður í því er að meta fýsileika virkjanakosta jarðvarma og kyndingarkosti á köldum svæðum sveitarfélagsins. Stjórnendur fara reglulega yfir aðgerðarlistann og kynna stöðu verkefna og árangur þeirra fyrir stjórn.

Það að hafa aðgang að nægu heilnæmu heitu og köldu vatni eru mikil lífsgæði í hverju samfélagi og stendur allur hugur stjórnar HEF veitna til þess að geta veitt sem flestum íbúum Múlaþings aðgengi að hitaveitu. Árið 2020 settu stjórnvöld sér orkustefnu með fögnum fyrirheitum með áherslu á aukna nýtingu jarðvarma og væri það því eðlilegt að Orkusjóður leggði til áhættufjármagn sem nýttist veitunum til jarðhitaleitar og nýtingar hans. Ekki þarf að ræða það að aukin nýting jarðvarma ætti að samræmast loftslagsstefnu nútímans, sérilagi þegar um lághita er að ræða eins og þann sem við búum við.

Miklar fjárfestingar eru hjá HEF veitum í fráveituframkvæmdum og áfram á næstu árum. Framkvæmdir þessar eru nauðsynlegar til að uppfylla reglugerðir þar um og ekki síður til þess að fráveitumál þéttbýliskjarnanna geti verið okkur til sóma og með virðingu fyrir náttúrunni

Framtíðin virðist mér björt í stöðu HEFveitna og tel ég þetta grundvallar fyrirtæki í sameinuðu Múlaþingi vera vel í stakk búið til að standa undir sínu hlutverki.

Það er ósk mín að sveitarstjórnarmenn framtíðarinnar, sem munu fara með eignarhlut fyrirtækisins á komandi árum verði full meðvitaðir um hve nauðsynlegt og mikilvægt það er að það geti staðið styrkum fótum og áfram í fullri eign sveitarfélagsins.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum, framkvæmdarstjóra og öllum starfsmönnum gott samstarf og störf í þágu HEFveitna.

Gunnar Jónsson

Skýrsla framkvæmdastjóra starfsárið 2021

Yfirlit

Árið 2021 var, líkt og 2020, í ýmsu tilliti óvenjulegt vegna heimsfaraldurs Coronaveiru en hafði lítil áhrif á starfsemi félagsins.

Helstu framkvæmdir ársins voru lagning ljósleiðara um dreifbýli á Fljótsdalshéraði og sniðræsi niður með Eyvindará að lóð hreinsistöðvar á Melshorni og ljósleiðari í dreifbýli á Fljótsdalshéraði. Heimlagningar voru lagðar á Borgarfirði ásamt undirbúningi að endurnýjun stofnlagnar vatnsveitu. Hreinsun og breytingar voru gerðar á vatns- og fráveitu á Seyðisfirði eftir aurflóðin og á Djúpavogi voru lagðar lagnir að nýrri kassaverksmiðju. Mikil áhersla var á greiningarvinnu, sem er forsenda endurbóta og uppbyggingar fráveitu og vatnsveitu á Seyðisfirði og Djúpavogi.

Samþætting starfsemi veitnanna eftir sameiningu í Múlþing er og verður í mótun næstu misserin, en samstarf og þjónustukaup af áhaldahúsum sveitarfélagsins hefur gengið mjög vel.

Mannauður

Hjá félaginu störfuðu að jafnaði 8 manns á árinu,

- framkvæmdastjóri,
- þrír í verklegum framkvæmdum og reglubundnum viðhalds- og eftirlitsstörfum,
- skrifstofu- og fjármálastjóri,
- tækni- og gæðastjóri,
- verkefnastjóri (frá maí)
- ræstitæknir á skrifstofu.

Ársverk voru 5,7 á árinu.

Þorsteinn Baldvin Ragnarsson, tæknifræðingur hóf störf í maí og sinnir verkefnastjórnun.

Stefán Númi Stefánsson hóf tímabundið störf í ágústmánuði.

Rekstrarreikningur



Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2021 sýnir að rekstrarárið hefur verið hagstætt.

Heildartekjur HEF árið 2021 námu 641 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 490 m.kr. árið 2020. Hækkuðu um 31% frá fyrra ári. Rekstrargjöld jukust einnig úr 187 m.kr. 2020 í 234 m.kr. eða um 25%. Veltuaukningin skýrist af stækkuðu þjónustusvæði veitunnar.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 301 m.kr. samanborið við 200 m.kr. árið 2020. Hrein fjármagnsgjöld námu 26 m.kr. samanborið við 68 m.kr. árið 2020, sem helst er skýrt með sveiflukenndu efnahagsumhverfi á Íslandi.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 275 m.kr. Tekjuskattur nemur 23,6 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins er því um 251 m.kr. í hagnað en var 121 m.kr. 2020.





Eignir og eigið fé

Heildareignir félagsins í árslok 2021 námu 2.631 m.kr. samanborið við 2.422 m.kr. í árslok 2020.

Langtímakröfur eru 14,8 m.kr. í árslok en voru 15,4 m.kr. í árslok 2020.

Eigið fé félagsins er 1.469 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 1.069 m.kr. í árslok 2020 og er eiginfjárlutfall félagsins 55,9% samanborið við 44,2% í árslok 2020. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið nokkuð stöðugt í rúman áratug, en með auknum verkefnum framundan er útlit fyrir að nokkuð muni ganga á eigið fé félagsins. Arðsemi eigin fjár var 17,1% á árinu og hefur ekki verið meiri síðastliðin 5 ár.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.161 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 1.353 m.kr. í árslok 2020. Langtímaskuldir námu alls 916 m.kr. í árslok, samanborið við 1.151 m.kr. árið áður.



Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 356 m.kr. á árinu 2021 eða sem nemur 55,5% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 231 m.kr. 2021, á pari við 230 m.kr. árið 2020.


Fjárfestingar námu samtals 288 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 55 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 23 m.kr. og fjárfesting fráveitu 62 m.kr. að teknu tilliti til opinberra styrkja. Þá nam heildarkostnaður félagsins vegna gagnaveitu í dreifbýli á Fljótshéraði 334 m.kr. en á móti færast styrkir og framlög, 161 m.kr., nettó 173 m.kr.

Félagið seldi Múlapingi fasteignina (lager) í Smiðjuseli 2 fyrir 25 m.kr. á árinu.

Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 65 m.kr. og afborganir leiguskulda 33 m.kr. Félagið greiddi samtals 27 m.kr. í vexti á árinu 2021, samanborið við 31 m.kr. árið 2020.

Handbært fé í árslok er 7,7 m.kr., samanborið við 91,6 m.kr. í árslok 2020.

Uppsöfnuð fjárfesting og fjármögnun með eigin fé



Starfsemin á árinu

Hitaveita frá Urriðavatni

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam 2.060 þúsund m³, meðalvinnsla er því 65,3 l/sek. eða 235m³ á klukkustund. Í desember var mesta mánaðarnotkun ársins 2021, líkt og árið áður, um 255 þús. m³ eða um 95 l/sek að meðaltali. Aukning vinnslu milli áranna 2020 og 2021 er um 5,7%, sem er nokkuð meira en sérfræðingar hafa metið að sé sjálfbært. Fara þarf í saumana á því og leita skýringa. Opinber ársmeðalhiti Veðurstofu á Egilsstaðaflugvelli var 4,0°C 2021 og 3,9°C 2020. Ársmeðalhiti 2021 á veðurstöð veitunnar við Tjarnarbraut reiknast 3,7°C, en var 4,1°C 2020. Kaldir vormánuðir og sérlega kaldur desember virðast hafa haft betur en síðsumarmánuðirnir og lækkað ársmeðalhitið við Tjarnarbrautina.

Sala á heitu vatni skv. sölukerfi er 1.736 þús. m³. Sala um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 329 þús. m³. Heildartekjur af heitavatsrekstri árið 2021 námu 270 m.kr.

Íþróttamannvirki á Egilsstöðum og í Fellabæ notuðu um 132 þús. m³ árið 2021, sem er um 12% meira en árið áður. Notkun á heitu vatni til afbræðslu var um 6 þús. m³. Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum notuðu um 24 þús. m³ árið 2021.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu voru fátíðar, þó einhverjar uppákomur verði í flestum mánuðum. Fyrirbyggjandi endurnýjun á liðnum árum kemur til góða með lægri bilanatíðni.

Stóra verkefnið á árinu 2021 var endurnýjun dælu, dælurörs og öxuls í holu UV-08 við Urriðavatn. Verkefnið var undirbúið, dælurör smíðuð og gert klárt á vormánuðum. Í júní mætti verktaki og framkvæmdi verkið. Það gekk í alla staði vel og árangur góður. Svo vel reyndar að tími gafst til að taka gamla ónotaða dælu og -rör úr holu UV-04 sem er undir gamla dæluhúsinu á nyrðri tanganum á vinnslusvæðinu.

Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í kerfinu fátíður.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda. Af því varð þó ekki á árinu 2021.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 49 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostar 18,6 m.kr., var 18,3 m.kr. 2020. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 18 m.kr. hærri 2021 en árið 2020.

Mínar síður og álestrar

Álestur notenda og skráning á Mínar síður HEF hefur gengið ágætlega, en í október var gengið í hús og lesið og þar með fyllt í eyðurnar. Reglulegur álestur hitaveitumæla er æskilegur til að minnka sveiflur í upphæðum reikninga til viðskiptavina, sem stundum verða við uppgjörsálestra þegar langt líður milli þeirra.

Allt stefnir í að á næstu árum verði svokölluðum snjallmælum, sem mæla orkunotkun viðskiptavinar, skipt út fyrir gömlu rennslismælana. Nokkrar veitur eru þegar byrjaðar að snjallmælavæðast. Aðgerðin er dýr, krefst nokkurs undirbúnings og mun eflaust teygja sig yfir nokkur misseri.

Vatnsveita

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2021 var um 712 þús. m³ eða að meðaltali 22,5 l/sek., minnkaði um 3% frá fyrra ári. Rafmagnskostnaður á kaldvatnsdælu allra vatnsveitna var 5,2 m.kr. á árinu. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 13,9 m.kr. eða um 1 m.kr. lægri en árið 2020.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðabínghá.


Viðræður við notendur vatnsveitunnar hjá lðavöllum hafa legið niðri á tímabilinu. HEF væntir viðbragða þeirra um framtíð veitunnar og rekstrarform.

Rekstur vatnsveitnanna á Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel. Öll neysluvatnssýni úr vatnsveitukerfum þeirra hafa staðist gæðakröfur.

Vatnsveitan í Brúarási lét vita af sér í nóvember, þegar holan sem þar hefur þjónað um áratuga skeið féll saman og varð skyndilega ónothæf. Vatn í skólanum

varð brúnt og skólafólk bar með sér vatn til neyslu í nokkra daga. Heppilegt var að Eignasjóður Múlabings hafði látið bora tvær vatnsholur til varmagjafar varmadælu sem ætlað er að verði sett upp í kjallara skólans á næstu mánuðum. Önnur holanna var virkjuð og tengd inn á neysluvatnskerfið til bráðabirgða. Sýni voru tekin af vatninu í skólanum, sem stóðust gæðakröfur. Framtíðarsýn er að vatnið verði sett á neysluvatnskerfi skólans eftir að hafa farið í gegnum varmadæluna.

Tekjur starfsþátta í millj. kr.



Rekstur vatnsveitna á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri gengur ágætlega. Vatn er geislað með útfjólubláu ljósi á Djúpavogi og Seyðisfirði. Vatnsgæði hafa alla jafnan verið ásættanleg, en mikilvægi lýsingar með UV-ljósi vega þungt í því að uppfylla gæðakröfur m.t.t. gerlafjöldi. Vatn á Borgarfirði eystri stenst gæðakröfur án lýsingar.

Ófremdarástand skapaðist í ágúst og september vegna óvenju langs þurrkatímabils. Verulega dróg af vatnsbólum til sveita, sér í lagi á Fljótsdalshéraði. HEF kom að skipulagningu aðstoðar við bændur og ferðapjónustuaðila sem svo þáðu með vatnsflutningum og útvegum litilla neyðartanka til áfyllingar á bæjarhlöðum og -hólum. Ástandið varð til þess að nokkrir bændur réðust vatnsleit og boranir sem gengu mis vel.

Ítarleg valkostagreining um framtíðaruppbyggingu vatnsveitu á Seyðisfirði var í vinnslu á haustmánuðum en lauk ekki fyrir áramót.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 144 m.kr., hækkaði um 36 m.kr. frá fyrra ári.

Fráveita

Álögð gjöld fráveitu voru m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2021 nam 45 m.kr. en árið 2020 var kostnaðurinn 39 m.kr., hækkun um 6 m.kr. milli ára.

Samkvæmt samningum við Hreinsitækni ehf, (áður Bólholt ehf.) eru rekstrarleigusamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út haust 2023. Hreinsitækni sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 157 árið 2020.


Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt til lækkunar á rekstrarkostnaði.

Enn hefur ekki verið komist fyrir lyktarmengun frá hreinsivirki við Einbúablá. Tilraun var gerð til að skerma hreinsivirkið af, með það að markmiði að dreifa og þynna út lykt frá hreinsivirkinu. Tilraunin skilaði ekki tilætluðum árangri. Rekstraraðili hreinsivirkisins vinnur að tillögugerð og stefnt að smíði yfirbyggingar snemma á nýju ári. Gangi áform um uppbyggingu hreinsivirkis á Melshorni eftir, mun hreinsivirki við Einbúablá verða tekið úr rekstri á haustdögum 2023.

Rekstur fráveitna á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi hefur verið í sama horfi og undanfarin ár. Söfnun eldhúsfitu frá heimilum og fyrirtækjum, með það að markmiði að minnka verulega álag á fráveitu- og hreiniskerfi hefur verið í gangi og er vonandi komið til að vera. Margnota trektar á einnota plastflöskur eru afhentar, endurgjaldslaust, til íbúa og fyrirtækja. Tekið er á móti eldhúsfitu á móttökustöðvum í sveitarfélaginu.

Gæði og eftirlit

Veitan nýtur þjónustu og eftirlits Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST). Engin alvarleg frávik hafa orðið í rekstri veitna félagsins á starfssvæðinu. Tíðni sýnatöku er breytileg eftir stærð veitnanna. Umhverfisvöktun við útrásir fráveitu hefur sýnt að álag á viðtaka er sumstaðar óheppilega mikið, en markmið félagsins, sem fjárfestingaáætlanir fráveitnanna bera með sér, er að minnka þessi neikvæðu áhrif. Þátttaka stjórnvalda í kostnaði við úrbætur er afar þýðingarmikill fyrir smærri veitur eins og okkar.



Gagnaveita

HEF hefur unnið að lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði, því sem fellur undir átaksverkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“. Allir verkáfangar jarðvinnu, nema Fell innan Rauðalækjar sem verður boðinn út í mars 2022. Jarðvinna gengur nokkuð skv. áætlun, plægingu er lokið í nema ytri hluta Jökulsárhlíðar, neðri Jökuldal og Fellum innan Rauðalækjar.

Blástur strengja og tengivinna fór rólega af stað á haustdögum og ekki með þeim krafti sem vænst var. Í desember var áætlun verktaka uppfærð og stefnt að tengingum í Eiða- og Hjaltastaðapínghá fyrir páska og Skriðdal og Efri Jökuldal fyrir lok maímánaðar 2022.

Veruleg fjárvöntun er í verkefninu og hefur verið kallað eftir frekari stuðningi stjórnvalda við það. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

Skógarorka

Stjórn HEF hefur falið framkvæmdastjóra að loka félaginu, en það er skuld- og eignalaust.

Hitaveita Djúpavogshrepps

Í kjölfar sameiningar í Múlaþing keypti HEF félagið, sem staðið hefur að borun tilraunahola á Búlandsnesi með það að markmiði að hitaveituvæða þéttbýlið. Jarðfræðistofan Stapi hefur áætlað að raunhæft sé að sækja 70-80°C vatn á svæðinu og hefur lagt til að í eina af holunum sem boraðar hafa verið og sjálfrennsli er úr, verði sett dæla og kannað hverju hún getur afkastað. Leitað hefur verið til stjórnvalda um fjárstuðning við borun og virkjun tilraunavinnsluholu, án niðurstöðu. Fyrir liggur að Orkusjóður mun styrkja uppbyggingu dreifikerfis gegn afnámi niðurgreiðslna til íbúa vegna rafhitunar.

Samorka

HEF er aðili að Samorku sem eru landssamtök veitna og raforkuframleiðenda. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna. Samorka hefur staðið fyrir og verið málsvari veitnanna gagnvart stjórnvöldum. Drjúg vinna Samorku felst í umsagnarvinnu og samskiptum við stjórnvöld vegna þeirra fjölmörgu brýnu verkefna sem hvíla á veitum og orkufyrirtækjum. HEF á fulltrúa í ráðgjafaráði veitna og fagráðum samtakanna á sviði hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

Reikningshald og endurskoðun

Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu; uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar.

Skrifstofustjóri mun bera hitann og þungann af endurnýjun bókhaldskerfis félagsins (Microsoft Business Central, áður Navision Financials). Uppsetningarvinna hófst seinni hluta nóvembermánaðar. Reiknað er með að uppsetningu verði lokið um páska.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka eru einnig nokkur og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur var gerður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2021 var fjárfest með framkvæmdum fyrir 504 m.kr., um 135% meira en árið áður. Í hitaveitu voru nýframkvæmdir fyrir 55 m.kr. í vatnsveitunni fyrir 23 m.kr., fráveitunni fyrir 93 m.kr. og gagnaveitu á Fljótsdalshéraði fyrir 334 m.kr. Stærstu verkefni á Egilsstöðum og Fellabæ voru lagning sniðræsis fráveitu frá Einbúabla niður með Eyvindará að Melshorni, og endurnýjun dælubúnaðar í holu UV-08.

Jarðvinna ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði er langt komin. Þrjú lokaáfangar verða unnir í sumar; Jökuldalur, eftirstöðvar í Jökulsárhlíð og Fell innan Rauðalækjar. Jökuldalur og Jökulsárhlíð voru boðin

út 2021. Fellin voru boðin út í útboði RARIK fyrir stuttu. Blástur og tengingar fóru rólega af stað á árinu eftir útboð og tafir sem urðu vegna kæru sem einn bjóðenda lagði fram vegna útboðsins. Verktaki hefur lofað að spýta duglega í á árinu og ljúka tengingum fyrir árslok 2022.

Stofnlögn fráveitu frá Hlíðarvegi og Múlavegi, niður fyrir Garðarsveg, var lögð í haust. Ætlað var að greiningarvinnu vatns- og fráveitu á Seyðisfirði lyki í desember, en það dróst fram yfir áramót.

Á Djúpavogi var skipulag vegna nýrrar útrásar austur fyrir Langatanga sett í ferli með stuðningi Skipulagssviðs Múlaþings. Vonir eru bundnar við að skipulagsferlinu ljúki í sumarbyrjun og að framkvæmdir geti hafist í sumar.

Viðhald og endurnýjanir

Markmið HEF er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á lagnakerfum, öllum búnaði og fasteignum sínum. Vegna fyrirsjáanlegs kúfs í nýframkvæmdum og átaki í endurnýjun vatns- og fráveitukerfa er líklegt að fyrirbyggjandi viðhaldsáform riðlist eitthvað, en markmiðið er skýrt.

Verkefni og framtíðarsýn

Með tilkomu Múlaþings hefur umhverfi veitustarfsemi breyst umtalsvert og er spennandi áskorun að halda áfram uppbyggingu starfseminnar. Spennandi tímar eru framundan. Greiningarvinna hefur verið og verður áberandi næstu misserin, þar sem veitur og verkefni þeim tengd verða krufin til mergjar og skipulögð til framtíðar áður en ráðist verður í kostnaðarsamar framkvæmdir. Framkvæmdastjórn hefur unnið markvisst að áætlanagerð og undirbúningi verkefna undanfarin misseri. Þarfagreining vatns- og fráveitu hefur verið í vinnslu á Seyðisfirði og Djúpavogi. Einnig var ráðgerð greiningarvinna kyndingarkosta á Seyðisfirði og er niðurstöðu að vænta í lok mars 2022.

Fráveitumál verða fyrirferðarmikil í framkvæmdum HEF á komandi árum. Á Egilsstöðum og Fellabæ verður haldið áfram með hönnun og undirbúning hreinsistöðvar og að innkaup búnaðar og framkvæmdir hefjist. Sniðræsi frá Melshorni að gatnamótum Fagradalsbratuar og Vallavegar verður lagt.

Stefnt er að lagningu útrásar á Langatanga á Djúpavogi, en nokkrir endar eru enn óhnýttir áður en af því getur orðið. Á Seyðisfirði mun fyrr en seinna þurfa að ráðast í hreinsun fráveituvatns, greiningarvinna er áætluð á árinu. Á Borgarfirði eystri eru breytingar fráveitu frá Blábjörgum í farvatninu, sem og nokkrar heimæðar.

Stuðningur stjórnvalda til úrbóta í fráveitumálum raungerðist á árinu. 20% útlagðs kostnaðar af fráveitufamkvæmdum ársins fengust styrkt. Umsóknir veitunnar í sjóðinn voru endurnýjaðar í janúar. Á Seyðisfirði er áætlað að endurnýja stofnlögn frá vatnshreinsistöð, þegar niðurstaða greiningarvinnu liggur fyrir.

Helstu verkefni í endurnýjun á dreifikerfi veitnanna ásamt því að tvöfalda fráveitukerfi hafa ekki verið fastnegld, nema Reynivellir á Egilsstöðum, þar sem lagnir verða endurnýjaðar 2022, áður en yfirborð götunnar og gangstéttar verða endurnýjaðar.

Lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði (Ísland ljóstengt) verður lokið á árinu. Tilboð verða opnuð í lokaáfangu jarðvinnu (Fell innan Rauðalækjar) í mars og reiknað með að jarðvinnu ljúki í haust og tengingum fyrir áramót.

HEF er eina veitan, amk. á Íslandi, sem býður hitaveituvatn sem vottað er til matvælaframleiðslu og neyslu. VÖK hefur vakið athygli á þessum gæðum með eftirtektarverðum hætti, með því að bjóða gestum sínum jurtate með hitaveituvatni, beint úr krananum.

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, hafa unnið forðalíkan fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár um framtíðarafköst jarðhitakerfisins og uppbyggingu dreifikerfis. Árlegrar skýrslu um stöðu svæðisins og framtíðarhorfur er vænst nú í marsmánuði.

Góu 2022,
Aðalsteinn Þórhallsson,
framkvæmdastjóri HEF veitna ehf.

HEF veitur ehf.

Ársreikningur 2021

HEF veitur ehf.
Einhleypingi
700 Egilsstaðir

kt. 470605-1110

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

HEF veitur (áður Hitaveita Egilsstaða og Fella) er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu Múlaþingi ásamt uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri HEF veitna ehf. á árinu sem nam 251 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.631 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 1.469 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 55,9%.

Í lok september 2020 keypti félagið allar eignir vatnsveitu og fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps fyrir samtals 204 millj. kr. og tók yfir rekstur þessara veitna frá og með 1. október 2020. Sá hluti kaupverðsins sem greiða átti í formi nýs hlutfjár var greiddur á árinu 2021, alls 149 millj. kr., en eftirstöðar kaupverðsins eru ógreiddar í árslok, alls um 55 millj. kr.

Á árinu 2021 var nafni félagsins breytt úr Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. í HEF veitur ehf.

Í árslok 2021 nam hlutafé félagsins 582,4 millj. kr. og hækkaði um 149 millj. kr. á árinu. Allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra HEF veitna ehf. eru reikningssskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2021 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri HEF veitna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 10 13 2022

Í stjórn fyrirtækisins:

Guðmundur Jónsson
Shishi Þorsteinsson
Wor Kaul Halldórsson
Helgi Magnússon
Jónína Rúnvörðsd.

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda HEF veitna ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning HEF veitna ehf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, ¹⁰ 13 2022

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		216.753.003	185.369.763
Álögð vatnsgjöld		132.311.379	98.424.742
Álögð fráveitugjöld		211.982.927	168.377.531
Fastagjöld		26.212.913	24.574.813
Aðrar tekjur		53.950.716	12.935.447
		<u>641.210.938</u>	<u>489.682.296</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	3	83.843.186	70.382.014
Rekstur veitukerfa		108.206.389	85.692.254
Annar rekstrarkostnaður		41.552.175	31.158.853
		<u>233.601.750</u>	<u>187.233.121</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		407.609.188	302.449.175
Afskriftir	6	(106.843.821)	(102.090.414)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		300.765.367	200.358.761
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	(26.214.146)	(67.674.500)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		274.551.221	132.684.261
Tekjuskattur ársins	8	(23.612.017)	(11.378.305)
Hagnaður ársins	10	<u>250.939.204</u>	<u>121.305.956</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir		
	Skýr.	2021	2020	
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	5	7.445.121	7.749.795	
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi		537.491.816	535.020.332	
Fráveitukerfi		553.452.148	525.071.760	
Borholur og dreifikerfi hitaveitu		1.022.248.454	1.015.575.427	
Kyndistöð, áhöld og búnaður		61.477.807	59.496.226	
Gagnaveita		142.075.692	0	
Leigðar eignir, hreinsvirki fráveitu		46.712.168	59.854.158	
	6	2.363.458.085	2.195.017.903	
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna Brúar lífeyrissjóðs	14	14.803.515	15.446.387	
		14.803.515	15.446.387	
		Fastafjármunir	2.385.706.721	2.218.214.085
Veltufjármunir:				
Skammttímakröfur:				
Viðskiptakröfur	9	31.320.702	37.856.675	
Kröfur á tengdan aðila vegna tekna vatns- og fráveitu		190.364.340	69.586.053	
Aðrar skammttímakröfur		15.462.036	4.696.153	
Næsta árs afborgun langtímakrafna		0	0	
Handbært fé	2k	7.702.803	91.598.403	
		Veltufjármunir	244.849.881	203.737.284
		Eignir samtals	2.630.556.602	2.421.951.369

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2021	2020
Eigið fé:			
Hlutafé		582.393.208	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		93.782.706	68.688.786
Óráðstafað eigið fé		793.198.548	567.353.264
	Eigið fé 10	<u>1.469.374.462</u>	<u>1.069.348.471</u>
Langtímaskuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	8	27.528.593	11.793.177
Skuldir við lánastofnanir	11	616.318.402	680.115.424
Leiguskuldir	12	63.690.306	96.548.590
Fyrirframinnheimtar tekjur	13	153.890.037	159.011.775
Skuld við tengdan aðila vegna kaupa á veitum		54.817.633	203.904.420
		<u>916.244.971</u>	<u>1.151.373.386</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		70.298.782	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	62.416.665	66.037.170
Næsta árs afborganir leiguskulda	12	37.524.613	34.341.947
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	13	5.004.820	5.052.278
Viðskiptaskuldir		49.656.536	39.799.074
Fyrirframinnheimtir styrkir vegna gagnaveitu		0	31.205.660
Skattar ársins	8	7.876.601	8.620.251
Aðrar skammtímaskuldir		12.159.152	16.173.132
		<u>244.937.169</u>	<u>201.229.512</u>
	Skuldir samtals	<u>1.161.182.140</u>	<u>1.352.602.898</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.630.556.602</u>	<u>2.421.951.369</u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HEF veitna ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

Skýringar, frh.:

h. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanþegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlaun eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun	81.359.241	73.673.524
Launatengd gjöld	19.876.369	16.113.847
Áunnið orlof, breyting	1.385.954 (406.503)
Lotun fyrirframgreidds kostnaðar vegna Brúar	642.872	642.872
	103.264.436	90.023.740
Eignfærð laun	(19.421.250)	(19.641.726)
Laun og launatengd gjöld samtals	83.843.186	70.382.014
Fjöldi starfsmanna í lok árs	8	6
Fjöldi ársverka	5,7	5,3
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	27.419.763	23.876.801

4. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2021	2020
Vaxtatekjur og verðbætur	(306.271)	483.295
Vaxtagjöld og verðbætur	(33.679.432)	(38.564.384)
Gengismunur	7.771.557 (29.593.411)
Hrein fjármagnsgjöld	(26.214.146)	(67.674.500)

Skýringar, frh.:

5. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum. Þessi liður greinst þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2021	874.795	6.875.000	7.749.795
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2021	820.121	6.625.000	7.445.121

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Borholur, dreifikerfi og aðrar eignir hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Gagnaveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	1.994.784.162	831.504.159	892.864.096	0	3.719.152.417
Afskrifað áður	(919.707.960)	(296.483.824)	(367.796.880)	0	(1.583.988.672)
Bókfært verð 1.1.2021	1.075.076.202	535.020.334	525.067.216	0	2.135.163.745
Viðbót á árinu	54.766.397	22.650.103	61.856.006	142.075.692	281.348.198
Selt á árinu	(20.740.026)	0	0	0	(20.740.026)
Afskrifað á árinu	(39.747.467)	(20.178.619)	(33.471.071)	0	(93.397.157)
Afskrift færð út	14.371.157			0	14.371.157
Bókfært verð 31.12.2021	1.083.726.263	537.491.818	553.452.151	142.075.692	2.316.745.917
Heildarverð 31.12.2021	2.028.810.533	854.154.262	954.720.102	142.075.692	3.979.760.589
Afskrifað samtals	(945.084.270)	(316.662.443)	(401.267.951)	0	(1.663.014.664)
Bókfært verð 31.12.2021	1.083.726.262	537.491.816	553.452.148	142.075.692	2.316.745.917
Afskriftahlutföll	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	
Áætlaður nýtingartími	3-25 ár	25-40 ár	25-40 ár	25 ár	

Leigðar eignir (hreinsvirki fráveitu) greinast þannig:

Bókfært verð í upphafi árs	59.854.158
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð í lok árs	46.712.168

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	39.747.467
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	20.178.619
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	33.471.071
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 5	304.674
Fært í rekstrarreikning	106.843.821

7. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka ehf. (óveruleg starfsemi)	44,8%	9.000.000	0

Skýringar, frh.:

8. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	11.793.177
Reiknaður tekjuskattur	23.612.017
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 vegna ársins 2021	(7.876.601)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	27.528.593

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	27.251.650
Viðskiptakröfur	1.213.630
Frestaður gengishagnaður	(936.687)
	27.528.593

9. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun	15.177.952	14.565.359
Breyting á niðurfærslu ársins	(1.237.381)	612.593
Niðurfærsla í lok árs	13.940.571	15.177.952

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2020	433.306.421	68.688.786	567.353.264	1.069.348.471
Lagt í lögbundinn varasjóð	0	25.093.920	(25.093.920)	0
Innborgað hlutfé	149.086.787	0	0	149.086.787
Hagnaður ársins	0	0	250.939.204	250.939.204
Eigið fé 31.12.2021	582.393.208	93.782.706	793.198.548	1.469.374.462

Á árinu 2021 var hlutfé félagsins hækkað um 149 millj. kr. Hlutfjárhækkunin er hluti af samkomulagi við Múlaþing um kaup á veitustarfsemi Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps.

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,39%-3,85% á gjalddögum til 2027	100.891.066
Óverðtryggð lán, vextir 2,4%-3,82% á gjalddögum til 2036	358.806.904
Gengistryggð lán, vextir -0,89%-0,43% á gjalddögum til 2033	219.037.097
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	678.735.067
Næsta árs afborganir	(62.416.665)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	616.318.402

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2021.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2022	39.250.887	23.165.778	62.416.665
Árið 2023	33.281.272	23.165.778	56.447.050
Árið 2024	33.487.882	23.165.778	56.653.660
Árið 2025	33.701.496	23.165.778	56.867.274
Árið 2026	33.922.351	23.165.778	57.088.129
Síðar	286.054.082	103.208.207	389.262.289
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	459.697.970	219.037.097	678.735.067

Óverðtryggt lán félagsins hjá Arion banka sem nemur 108,4 millj. kr. í árslok var framlengt í nóvember 2020 og er það í samræmi við ákvæði lánasamning sem kveður á um heimild til framlengja lánið til þriggja ára í senn allt til ársins 2035. Það er áætlan stjórnenda að viðhalda fjármögnuninni og eru því afborganir sett fram til samræmis.

Skýringar, frh.:

12. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir er til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	101.214.919
Næsta árs afborgun	(37.524.613)
Samtals langtímahluti leiguskulda	<u>63.690.306</u>

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	6,4%	101.214.919

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2022	37.524.613
Árið 2023	33.079.080
Árið 2024	17.641.042
Árið 2025	4.546.388
Árið 2026	4.738.694
Síðar	3.685.101
Samtals	<u>101.214.918</u>

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2021 námu 32,9 millj. kr.

13. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur í lok tímabilsins námu 158,9 millj. kr. Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigiöld á tímabilinu voru 5,0 millj. kr.

14. Fyrirframgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóðs eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2021 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	16.089.259
Gjaldfært á árinu	(642.872)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok	<u>15.446.387</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna	642.872
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	14.803.515
Samtals í efnahagsreikningi	<u>15.446.387</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð	553.544
Framlag í varúðarsjóð	89.328
	<u>642.872</u>

Skýringar, frh.:

15. Önnur mál

Málaferli

Á árinu 2020 stefndi fyrrverandi framkvæmdastjóri félaginu til greiðslu tæplega 29 millj. kr. vegna vangoldinna launa við starfslok hans á árinu 2019. Félagið hefur hafnað kröfum stefnanda og krafist sýknu. Málið bíður meðferðar hjá Héraðsdómi Austurlands.

Skríðuföll á Seyðisfirði

Í desember 2020 féllu aurskríður á Seyðisfirði þar sem altjón varð á eignum og mannvirkjum, auk þess sem annað eignatjón varð verulegt í bænum. Kostnaður HEF veitna vegna skríðufallanna fólsti m.a. í hreinsun á fráveitu og vatnsveitu, breytingu árfarvega og ýmsum öryggisráðstöfunum vegna ofanflóða.

Ofanflóðasjóður greiðir hluta þessa kostnaðar og hefur félagið krafist sjóðinn um alls 7,1 millj. kr. vegna málsins. Sjóðurinn hefur ekki afgreitt kröfu félagsins og því er um umrædd fjárhæð ekki færð meðal eigna í árslok 2021.

Skýringar, frh.:

16. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

2021

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	270.012.157	151.087.852	220.110.929	0	641.210.938
Rekstrargjöld án afskrifta	101.979.859	43.459.698	88.162.194	0	233.601.750
Hagnaður EBITDA	168.032.298	107.628.154	131.948.735	0	407.609.188
Afskriftir	(39.802.141)	(20.428.619)	(46.613.061)	0	(106.843.821)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.729.433	(18.559.401)	(10.384.178)	0	(26.214.146)
Tekjuskattur	(23.612.017)	0	0	0	(23.612.017)
Hagnaður ársins	107.347.573	68.640.134	74.951.496	0	250.939.204
Eignir starfsþátta	1.344.199.778	544.116.816	600.164.316	142.075.692	2.630.556.602
Skuldir starfsþátta	714.824.552	103.434.013	200.847.883	142.075.692	1.161.182.140
Eigið fé starfsþátta	629.375.226	440.682.803	399.316.433	0	1.469.374.462
Veltufé frá rekstri	129.240.631	106.430.468	120.176.694	0	355.847.793
Fjárfestingarhreyfingar	(29.766.397)	(22.650.103)	(61.866.006)	(173.262.466)	(287.534.972)
Fjármögnunarahreyfingar	(91.056.228)	(83.342.903)	(57.842.727)	204.468.126	(27.773.732)

2020

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	212.536.558	106.468.646	170.677.092	0	489.682.296
Rekstrargjöld	77.831.269	34.517.876	74.883.976	0	187.233.121
Hagnaður EBITDA	134.705.289	71.950.770	95.793.116	0	302.449.175
Afskriftir	(38.850.742)	(19.579.710)	(43.659.962)	0	(102.090.414)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(38.730.921)	(18.559.401)	(10.384.178)	0	(67.674.500)
Tekjuskattur	(11.378.305)	0	0	0	(11.378.305)
Hagnaður ársins	45.745.321	33.811.659	41.748.976	0	121.305.956
Eignir starfsþátta	1.294.880.119	542.145.332	584.925.918	0	2.421.951.369
Skuldir starfsþátta	759.684.659	247.343.191	345.575.049	0	1.352.602.898
Eigið fé starfsþátta	535.195.459	294.802.142	239.350.870	0	1.069.348.471
Veltufé frá rekstri	108.414.914	66.361.304	89.824.197	0	264.600.415
Fjárfestingarhreyfingar	(31.156.475)	(24.501.964)	(120.396.430)	21.990.134	(154.064.735)
Fjármögnunarahreyfingar	(64.932.069)	(41.584.857)	31.050.191	(21.990.134)	(97.456.869)

Skýringar, frh.:

17. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2021 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánnum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánnum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 219,0 millj. kr. (2020: 246,5). Hluti varanlegra rekstrarfjármuna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánnum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 21,9 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

18. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstur:					
Rekstrartekjur	641.211	489.682	449.465	410.871	400.913
Rekstrargjöld án afskrifta ..	(233.602)	(187.233)	(170.766)	(186.767)	(160.512)
Hagnaður fyrir afskriftir	407.609	302.449	278.699	224.104	240.401
Afskriftir	(106.844)	(102.090)	(86.506)	(83.335)	(79.635)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	300.765	200.359	192.193	140.769	160.766
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(26.214)	(67.675)	(55.649)	(72.655)	(49.385)
Áhrif hlutdeildarfélagss					(3.477)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	274.551	132.684	136.544	68.114	107.904
Tekjuskattur ársins	(23.612)	(11.378)	(11.976)	(7.223)	(10.640)
Hagnaður ársins	250.939	121.306	124.568	60.891	97.264
Efnahagur:					
Fastafjármunir	2.385.707	2.218.214	1.940.988	1.937.730	1.887.787
Veltufjármunir	244.850	203.737	155.424	101.010	100.810
Eignir samtals	2.630.557	2.421.951	2.096.412	2.038.740	1.988.597
Eigið fé	1.469.374	1.069.348	948.043	823.473	762.583
Langtímaskuldir	916.245	1.151.373	994.932	1.071.838	1.091.449
Skammtímaskuldir	244.937	201.230	153.438	143.428	134.565
Eigið fé og skuldir samtals	2.630.557	2.421.951	2.096.413	2.038.740	1.988.598
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum ...	116	74	29	42	22
Veltufé frá rekstri	355.848	264.600	233.902	184.115	194.445
Veltufjárhlutfall	1,00	1,01	1,01	0,70	0,75
Eiginfjárhlutfall	55,9%	44,2%	45,2%	40,4%	38,3%
Arðsemi eiginfjár	17,1%	11,3%	13,1%	8,0%	14,6%



ÁRSSKÝRSLA 2021